


Skipulags- og byggingafulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps og
Helgafellssveitar
Jökull Helgason
Fálkakletti 11
310 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. nóvember 2010
Tilvísun: UST20100600219/ksj

Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 - 2020. Tillaga

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Helgafellssveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps er barst 30. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2008 – 2020.

Erindinu fylgja greinargerð, umhverfisskýrsla og uppdættir. Á afar skýran skipulagsuppdrátt virðist vanta landnotkunarflokk (ræktað land) í skýringar.

Náttúruminjar

Umhverfisstofnunar tekur undir áætlanir um friðlýsingu Gerðubergs og Rauðamelsölkeldu ásamt austasta hluta Baulárvallavatns. Einnig tekur Umhverfisstofnun undir stefnu Eyja- og Miklaholtshrepps um friðun Löngufjara.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við aðalskipulagstillöguna.

Virkjanir

Á uppdætti er fylgir aðalskipulagstillögunni eru merktar virkjanir V1-4, og eru þrjár þeirra sýndar á korti. Í greinargerð kemur fram að: „í Aðalskipulagi 2008 - 2020 er gert ráð fyrir þremur smávirkjunum Baulárvallavirkjun, virkjanir í landi Miðhrauns og Dalsmynniss.“ Í greinargerð kemur fram að smávirkjanir séu heimilar þ.e. með allt að 200 kW uppsett rafafi að stærð, einnig kemur fram að stærð áætlaðra virkjana liggi ekki fyrir. Ekki kemur fram í greinargerð hvort um er að ræða rennslisvirkjanir eða virkjanir með miðlunarlóni. Í umhverfisskýrslu er ekki fjallað um virkjanir. Í Eyja- og Miklaholtshreppi hefur verið reist virkjun skammt frá Baulárvallavatni í Straumfjarðará, er nefnist Múlavirkjun. Í áætlunum framkvæmdaaðila var gert ráð fyrir virkjun af stærðinni 1,9 MW, og niðurstaða Skipulagsstofnunar var að Múlavirkjun þurfti ekki að fara í mat á umhverfiáhrifum framkvæmdarinnar. Í dag er Múlavirkjun auglýst sem 3,1 MW virkjun. Nú er áætlun um 3 nýjar smávirkjanir í sveitarfélaginu, í Grímsá, í landi Miðhrauns og Dalmynniss. Virkjanir í

landi Miðhrauns og Dalmynnis eru áætlaðar í ám er falla í Núpá, en Núpá og Haffjarðará renna hlið við hlið í ósa við Löngufjörur. Núpá er hrein dragá með upptök í Núpárdal og fiskgeng um 7 km. Áin er aðallega silungsveiðiá, en vart hefur orðið við lax þar einnig. Samkvæmt heimasíðu landssambands veiðimanna er veiðifélag árinna með áætlanir um að koma upp góðu veiðihúsi við ána. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að skoða hvort stangveiði í Núpá og virkjanir í ám sem falla í hana fari saman. Að mati Umhverfisstofnunar koma ekki fram nægar upplýsingar í aðalskipulagstillögunni til þess að hægt sé að taka afstöðu til þeirra áætlana um virkjanir í sveitarfélaginu sem þar koma fram. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að fjalla um virkjanir í umhverfisskýrslu og skoða áhrif þeirra framkvæmda á umhverfið.

Opin svæði til sérstakra nota

Fram kemur í umfjöllun um opin svæði til sérstakra nota að gert er ráð fyrir golfvelli á Stakkhamarsnesi í landi Stakkhamars. Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er á náttúruminjasrá, en þar segir: „**Löngufjörur, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppi, Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsbæ, Mýrarsýslu, Snæfellsnessýslu. Fjörur og grunnsævi ásamt strandlengju, eyjum og skerjum frá Ökrum og Hvaleseyjum í Borgarbyggð vestur fyrir Sauratjörn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Snæfellsbæ, svo og Sauratjörninn sjálf auk Laxárbakkaflóa og Glámsflóa. Grunnsævi, víðáttumiklar leirur, sandfjörur og fitjar, auk fjölda eyja og skerja. Blautir brokflóar. Afar mikilvægt fuglalíf.**“ Einnig er svæðið hluti af svæði á **náttúruverndaráætlun 2009 – 2013, Álftanes, Akkrar og Löngufjörur** Í náttúruverndaráætluninni kemur m.a. fram í svæðislýsingu að svæðið sé: „*strandsvæði sem einkennist af víðáttumiklum leirum, sjávarfitjum, sandfjöru, grunnsævi, eyjum og skerjum auk mýrlendis. Gróðurfur einkennist af blautum brokflóum og vex fölvastör í miklu magni í flóa norðan Hólmavatns. Sandmaðkur er áberandi og mikill kræklingur er í ósum. Útselur kæpir í Hvaleseyjum og Tjaldeyjum og landsselir halda sig að staðaldri við Löngufjörur. Grunnsvæðið er mjög mikilvægt fyrir æðarfugl og mjög mikill fjöldi vaðfugla (svo sem rauðbrystingur, sanderla, stelkur, lóupræll o.fl.) fer um svæðið vor og haust. Sex af átta varpstöðum dílskarfs við Faxaflóa eru innan svæðisins, þórshani hefur fundist á tveimur stöðum. Mikið fuglalíf á vetrum (s.s. æðarfugl, straumönd, hávella, tjaldur og sendlingur)*“ Að mati Umhverfisstofnunar krefst uppbygging golfvallar mikilla breytinga á yfirborði og gróðurfari svæðisins. Að mati stofnunarinnar hentar svo mikilvægt náttúruminjasvæði sem Löngufjörur eru, ekki fyrir slíka umbyggingu. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að skoða fleiri möguleika á staðsetningu golfvallar þar sem svo miklar náttúruminjar eru ekki í húfi. Þar sem sveitarfélagið stefnir að því að taka á móti fleiri ferðamönnum en áður telur Umhverfisstofnun fuglaskoðun og útivist henta betur til þróunar á svæðinu.

Í umhverfisskýrslu eru áhrif stefnu aðalskipulagstillögunnar á opin svæði til sérstakra nota ekki skoðuð. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að skoða áhrif stefnu um uppbyggingu golfvallar á Stakkhamarsnesi m.a. á fuglalíf, áhrif á sjávarlíf og sjávargróður nærri nesinu ásamt áhrif á gróður og jarðveg á nesinu, útivist, og náttúruminjar.

Efnisnámur


Umhverfisstofnun vekur athygli á því að á jörðinni Eiðshús eru merktar 3 mismunandi námur í sömu jarðmynduninni. Umhverfisstofnun mælir með að reynt verði að nýta einn efnistökuastað í einu, svo ekki sé verið að opna námur á mörgum stöðum í sömu jarðmyndunina. Á jörðinni Fáskrúðsbakki er náma N6 í listanum yfir námur í sveitarfélaginu.


Þegar er búið að ganga frá námu á þeirri jörð. Að mati Umhverfisstofnunar hentar ekki að efnistaka jarðeiganda til einkanota sé úr þeim bakka sem búið er að ganga frá.

Umhverfisskýrsla

Fram kemur í mati á umhverfisáhrifum um frístundabyggð að sérstaklega skuli vanda til útfærslu á frístundabyggðum sem áætlaðar eru á friðuðu svæði. Umhverfisstofnun bendir á að frístundabyggð er áætluð á svæði á náttúruminjaskrá, sem er svæði nr. 214 **Löngufjörur**, en á því svæði er gert ráð fyrir frístundabyggðinni alveg niður við strönd og bendir stofnunin á skipulagsreglugerð nr. 400/1998 en þar kemur fram í gr. 4.14.2 *Vötn, ár og sjór í skipulagsáætlunum* að: „*Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.*“ Umhverfisstofnun telur að gæta þurfi að þessu atriði er kemur að deiliskipulagningu svæðisins. Einnig er mikilvægt vegna hins mikla fuglalífs sem er við Löngufjörur að skipuleggja ekki of nærri fjörunni.

Virðingarfyllt


Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun